

74

18. ágúst

Nú eru hafðar 2 umræður um mál, og skal það þá við fyrri umræðu rætt almennt, og síðan í heild vísað til annarar umræðu. Við síðari umræðu skal málið rætt í einstökum atriðum og atkvæði greidd um hvern lið eða grein fyrir sig.

23. gr.

Til þess að gera breytingar á fundarsköpum þessum, þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

24. gr.

Fundarsköp þessi öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felld fundarsköp fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1. maí 1919.

25. gr.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 26, 22. nóvember 1918 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1930.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

---

*Jón Gunnlaugsson.*

75

18. ágúst

## REGLUGERÐ

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Húsavíkarkauptúni.

I. KAFLI.

*Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.*

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Húsavíkarkauptúni, skal falin 5 manna nefnd, og eiga sæti í henni lögreglustjóri, sem formaður, oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og 2 menn, er hreppsnefndin kýs til þriggja ára í senn.

## 2. gr.

75

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með, að hlýtt sé fyrirmælum laganna 18. ágúst um varnir gegn eldsvoða, eða eldsvarnaráhöld séu útveguð og þeim haldið við í góðu ástandi. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum, reykháfum, hreinsun reykháfa og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja eldsuppkomu.

## II. KAFLI.

*Hver slökkvitól kauptúnið skuli eiga og viðhald þeirra.*

## 3. gr.

Húsvíkurkaupúni er skylt að eiga í nothæfu standi að minnsta kosti þessi slökkvitól: Slökkvidælu, slöngur, stiga og minnst 50 strigaskjólur og önnur smærri áhöld, svo sem björgunardúk og brunastjaka.

Áhöldum þessum skal á kostnað hreppssjóðs haldið vel við.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitólin, skal hún leggja það til við hreppsnefnd að svo verði gert.

## 4. gr.

Slökkvitæki kaupúnsins skulu geymd í sérstöku húsi. Lykill að því skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, er þurfa þykir.

## 5. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjá brunamálanefndar eftirlit með slökkvitólunum, ber ábyrgð á því að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitól þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitól hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

## III. KAFLI.

*Hver slökkvitól húseigandi sé skyldur að útvega.*

## 6. gr.

Hverju húsi skal fylgja kaðall og stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins, og tvær skjólur. Þessir hlutir skulu geymdir á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

Hreppsnefndin getur látið setja í sérhverju húsi kaupúnsins, slökkvitæki í sambandi við vatnspípur hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars, en að verja eldsvoða og slökkva eld.

75  
18. ágúst

#### IV. KAFLI.

##### *Skipun slökkviliðs.*

###### 7. gr.

Allir karlmenn í kaптúninu, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára unz þeir eru 60 ára, nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði eru þó sóknarprestur, læknir, lyfsali og síma-  
stjóri undanskildir.

###### 8. gr.

Í slökkviliði kaптúnsins skulu að minnsta kosti vera þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 20 liðsmenn og 2 brunakallarar.

###### 9. gr.

Slökkviliðstjórinn, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnari alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega, á venjulegan hátt, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brottu úr kaптúninu báðir í senn, nema alveg sérstaklega standi á, enda hafi þeir leyfi lögreglustjóra til fjarverunnar.

###### 10. gr.

Hreppsnefndin skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra til þriggja ára í senn, eftir tillögum brunamálanefndar. En brunamálanefnd ræður hina aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjórinn getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra, með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gengt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaптúninu daglangt og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

###### 11. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa föst laun fyrir starfa sinn eftir nánari ákvæðum sveitarstjórnar; aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess, eftir taxa er hreppsnefnd setur í janúar ár hvert.

Þeir, er skemma föt sín í þágu brunaliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgreiddar af hreppssjóði.

## 12. gr.

75

Hreppsnefndin ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni<sup>18</sup> ágúst slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

## 13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og að það sé vel æft.

Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má ekki láta rifa niður hús til varnar útbreiðslu eldsins, nema samþykki lögreglustjóra, — eða þess er fer með umboð hans við eldsvoðann, komi til. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum, er slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

## 14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan kaupsins, og hlýða þá í einu sem öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur, án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, eða slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

## 15. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni, hreppstjóri og lögregluþjónn kaupsins, þegar skipaður verður, og ennfremur menn, er lögreglustjóri kveður til þess, úr flokki þeirra er skyldir eru til að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skyllt er lögreglusveitinni að viðhalda góðri reglu við eldsvoða, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, er brennur, eða flytji þaðan nokkuð burt.

## 16. gr.

Það er skylda hvers eins, sem er viðstaddur eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

## V. KAFLI.

*Um vatnstöku o. fl.*

## 17. gr.

Heimilt er að taka vatn til að slökkva eld, sem og til æfinga, úr brunahönnum kauptúnsins. Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar séu óskemmdir og ávallt í nothæfu ástandi hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Sé þess vandlega gætt, að moka snjó frá þeim þegar þá fennir í kaf, og á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skal einu sinni á mánuði sannprófa að þeir séu óskemmdir.

Enginn má taka vatn úr brunahönnum né hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjórans og umsjónarmannsins.

## 18. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönnum í húsi hans til að slökkva með eld, og má enginn sem í húsi hans er, leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönnum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru kauptúnsbúar skyldir til að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

## 19. gr.

Ef hús brennur þar sem vatnsveita liggur að, eða ef vatn úr brunahönnum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir til að flytja vatn, og leyfa að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefir verið skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

## VI. KAFLI.

*Um skoðun eldfæra og reykháfa.*

## 20. gr.

Brunamálanefnd skal á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og lita eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt og að reykháfar hafi verið tilhlýðilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir og önnur eldfim efni séu geymd sem vera ber, samkvæmt lögum um brunamál nr. 85, 28. nóv. 1907. Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu, skal það tafarlaust bætt ef unnt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til að fá það lagfært, og skal þá, að honum liðnum, ný skoðun fara fram. Komi það í ljós við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta

úr því sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglu- 75  
stjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kost- 18. ágúst  
að færa í lag það, er lagfæra þarf.

## VII. KAFLI.

*Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.*

### 21. gr.

Það er skylda hvers, er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað.

### 22. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða annarsstaður á almannafæri, eða milli húsa eða í gördum, má ekki setja lausar eldstór eða bráðabirgðahlóðir til eldunar, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóranum og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slík eldun er leyfð, skulu menn ávallt vera við eldinn og má eldunin ekki fara fram, ef þar nálægt er geymt mikið af eldfimum efnum.

Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð.

Milli húsa, eða úti við, má ekki bera eldglæður nema í lokuðum málmkössum.

### 23. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd því aðeins samþykki til þess, að af því geti ekki stafað veruleg eldhætta. Mikið af viði og borðum má því aðeins hafa fyrir utan hús, að slökkviliðsstjóri leyfi. Ákveður hann um leið, hve stór hver timburstakkur megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, er þó aldrei má vera minna en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstakka hærri en 6 metra, ekki stærri en 40 fermetra, enda standi stakkarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra frá því.

Birgðir af steinolíu, bensíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar, er hreppsnefnd samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál.

Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annarsstaðar í óleyfi hreppsnefndar, má lögreglustjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

### 24. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpintínu, bensíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal hérgreindum varúðarreglum fylgt:

- 75 18. ágúst
- a. Sé birgðirnar meiri en 800 litrar, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, þótt byrgt sé í lokuðu ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtu né reykja þar tóbak. Heldur ekki mega vera þar eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.
  - b. Sé birgðirnar ekki meira en 800 litrar, og þær geymdar utanhúss, í görðum eða húsum, sem engin íbúð er í, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má þar ekki kveikja né bera. Ekki má þar heldur tappa ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé geymt í lokuðu ljóskeri og það látið hanga a. m. k. í 2 metra fjarlægð.
  - c. Birgðir allt að 200 lítrum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmiláti eða lokuðum flöskum.  
 Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsi, skal gæta allrar varúðar.
  - d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki tappa úr íláti neitt ljósmeti, sem er svo eldfimt, að í því kvikni við 40 stiga hita hundraðsmælis.
  - e. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað svo vel sem unnt er.

Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim.

Þar sem geymdir eru meira en 200 litrar af ofangreindum ljósvökvum, má enginn vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

### 25. gr.

Í smíðahúsum handiðnamanna, er fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

- a. Eld má ekki fara með nema í eldstæðum eða ofnum og ekki má reykja þar tóbak.
- b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái að minnsta kosti 8 cm. út á alla vegu. Kantur málmplötunnar skal beygður upp á við.
- c. Kertaljós má því aðeins nota, að það sé haft í ljóssastjaka úr málm og nauðsynlegrar varúðar gætt við meðferð þess. Sé borðlampi notaður, skal hann standa á þungum fæti, svo ekki sé hætt við að hann velti um koll.
- d. Eldspýtu, sem kveikt er á, má ekki fleygja á gólfíð, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt frá sér.
- e. Tréspænic, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðagólfíð dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tré-

- spónum skal geyma í lokuðum klefum, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.
- f. Miklar birgðir af trésmiðæfni mega ekki liggja í göngum né stigum og heldur ekki utan við smiðahúsið, nema sérstakt leyfi slökkviliðsstjóra komi til. Handiðnamenn, er fást við trésmiði og járnsmiði, mega ekki geyma meira viðarsmiðæfni í smiðju eða á verkstæði sinu en þarf til þess, að vinnan verði innt af hendi tafarlaust.
- g. Þegar vinnunni er lokið og áður en smiðir fara úr smiðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós, og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.
- h. Í hverju smiðahúsi skal vera sérstakur vatnskranir með viðfestri slöngu.
- i. Í hverju smiðahúsi skal eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smiðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og að hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

75

18. ágúst

## VIII. KAFLI.

*Um slökkviliðið.*

## 26. gr.

Slökkviliði kaupþúsins skal skipt þannig:

1. Björgunarflokkur	....	2 menn
2. Húsrífsflokkur	.....	2 —
3. Vatnsslönguflokkur	...	6 —
4. Stigaflokkur	.....	6 —
5. Dæluflokkur	.....	4 —
6. Brunaboðar	.....	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokkstjóra fyrir hina fyrstnefndu flokka.

## 27. gr.

- a. Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt sem unnt er.

Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnist og undantekningarlaust.

Allt, sem hann bjargar, skal hann fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unnt er.

Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða þess, er gengur í hans stað.

Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum flokkstjóra, sem hann

75  
18. ágúst

- getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.
- b. Húsrífsflokkur skal hafa á hendi að rífa það er þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum.
  - c. Vatnsslönguflokkur skal koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn, eftir fyrirskipunum yfirmanna.
  - d. Stigaflokkur skal sjá um, að stigar séu til eftir þörfum, reisa þá upp þar sem þeim er fyrirskipað og sjá um, að þeir séu tryggilega útbúnir, að ekki stafi hætta af. Ennfremur skal hann aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.
  - e. Dæluflokkur skal mæta við slökkvitækjahúsið svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælur í standi, flytja þær þangað er slökkviliðsstjóri skipar fyrir og auðvelt er að ná til vatns, setja þær í gang og láta þær dæla; einnig skal hann aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetning slanganna.
  - f. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart, með því að blása í lúðra. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og húsnúmer þar sem eldurinn er.
- Skulu þeir, að afloknum útblástri, skyldir til að mæta á brunastaðnum.

Loks skulu þeir skyldir að tilkynna slökkviæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

#### 28. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér sérstaklega far um, að taka öllu með gætni og stillingu og vera skjóttir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

#### 29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kaптúnsins, vanda um við þá, er gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

#### 30. gr.

Engin forföll liðsmanna eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr kaптúninu.

## IX. KAFLI.

75

18. ágúst

*Sektarákvæði.*

## 31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð Húsavíkurkaupþúns, ef ekki liggur þyngrri hegning við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. október 1930, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1930.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

---

*Jón Gunnlaugsson.*

## REGLUGERÐ

76

24. júlí

fyrir

Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um fjallskil m. m.

## I. KAFLI.

*Um geldfjárrekstra á afréttir og fjalllönd á vorin.*

## 1. gr.

Hreppsúar í þeim sveitum þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að álitu hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrétt að vorinu allt geldfé sitt, að meðtöldum dílkum. Nú eru engin slik afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar, skal þá hreppsnefndin annast um, ef ekki fæst upprekstur í annari sveit, að fénu sé jafnað niður á löndin að rétttri tiltölu við landrými og með samkomu-